

Egilsstaðaskóli

Fundur skólaráðs 28. apríl 2026

Fundur hófst kl. 17:00

Mætt: Viðar skólastjóri sem stjórnar fundinum, Fjóla Hrafnkelsdóttir, fulltrúi kennara sem ritaði fundargerð, Jón Magnússon fulltrúi kennara, Ragna Sif Sigurdórsdóttir, fulltrúi almennra starfsmanna, Saga Jóhannsdóttir, Elsa Arney Helgadóttir, Berglind Hönnudóttir fulltrúar foreldra úr foreldrafélaginu og Rakel Wium fulltrúi nemenda.

1. Fréttir úr skólastarfinu

Frá síðasta fundi skólaráðs.

- Útivistardagur í 5. – 10. bekk. Val um að fara á skíði/bretti eða í verkefni hjá Náttúruskólanum við Blöndalsbúð. Veðrið lék við nemendur og starfsfólk.
- Árshátíð 3. – 4. bekkjar var 5. mars. Kardimommubærinn var sýndur og heppnaðist vel.
- Nemendastýrð viðtöl 10. mars. Foreldrar í ráðinu bentu á þeim myndist meiri þörf á viðtali við kennara eftir áramót, nemendastýrðu viðtölin myndu kannski henta betur í nóvember.
- Umsjónardagur í 8. – 10. bekk var 12. mars.
- Stóra upplestrarkeppnin (Héraðshátíð) var 16. mars.
- Árshátíðin í 1. og 2. bekk var 19. mars. Kardimommubærinn var sýndur.
- Útivistardagur í 1. og 4. bekk var 10. apríl.
- Opið hús 22. apríl. Fræðsluferð starfsfólks Egilsstaðaskóla til Malmö.

Framundan

- Skólahreysti á morgun, miðvikudaginn 29. apríl
- Háskólalestin með smíðjur fyrir nemendur á morgun, miðvikudaginn 29. apríl.
- Héraðsleikarnir eru 15. maí (Múlaþingsleikar). Ferðadagar eru í vikunni 18. – 22. maí. Nokkrir bekkir fara í dagsferðir.
- Skólaferðalag 10. bekkjar er 20. – 22. maí.
- Vordagar 5. og 8. maí.
- Skólaslit 9. maí.

2. Skólanámskrá og jafndreifing námssviða

Undanfarnar vikur hefur skólastjóri kynnt fyrir kennurum áherslur í nýrri skólanámskrá fyrir næsta skólaár. Samkvæmt aðalnámskrá eiga nemendur 1. – 4. bekk að fá 30 kennslustundir, nemendur í 5. – 7. bekk 35 kennslustundir og nemendur í 8. – 10. bekk 37 kennslustundir. Kennslustundum er skipt í 9 námssvið/námssgreinar.

- Íslenska
- Erlend tungumál
- List- og verkgreinar
- Náttúrugreinar
- Skólaíþróttir
- Samfélagsgreinar
- Stærðfræði
- Upplýsinga- og tæknimennt
- Til ráðstöfunar / val

Tónlist, leiklist og dans fái meira rými í stundatöflunni en áður hefur verið. T.d. er búið að ráða leiklistarkennara við skólann til árs, auglýst var eftir tónlistarkennara en því miður voru engar umsóknir. Danskennsla er fyrirhuguð næsta vetur í formi námskeiða.

Eins verður útikennsla í 4., 5. og 6. bekk 80 mín á viku. Stefnt er á að hafa ekki frímínútur í 1. – 4. bekk á morgnana sem felst í því að stuðningsfulltrúar hafi umsjón með ávaxtastundinni og kennararnir fari út með nemendum í framhaldinu. Nemendur í 1. – 4. bekk fá meiri íþróttir en áður en stefnt er að því að bæta við 20 mín hvern árgang þannig að þá verða tveir íþróttatímar, einn 40 mín og annar 60 mín. Sundtímarnir verða áfram 40 mínútur.

3. Skólaslitin

Skólaslitin í vor verða þannig að nemendur 1. – 4. bekk mæta í skólann á sal og fara svo í kjölfarið með umsjónarkennurum sínum í sína stofu. Í framhaldinu koma nemendur í 5. – 9. bekk. Um kvöldið, kl. 20.00, eru skólaslit hjá 10. bekk.

4. Ráðningar

Unnið er að ráðningum fyrir næsta skólaár.

5. Nýtt – skipurit – breytingar í stjórnendateymi

Skólastjóri hefur ákveðið að gera breytingar á stjórnendateymi skólans fyrir skólaárið 2026-2027. Breytingarnar fela í sér að ekki verður ráðinn aðstoðarskólastjóri og þess í stað mun Hrönn Magnúsdóttir bera starfsheitið *deildarstjóri/staðgengill* og er því eins og nafnið ber með sér staðgengill skólastjóra. Uppfærðar starfslýsingar munu liggja fyrir í skólabyrjun í haust.

Stjórnendateymið verður sem hér segir skólaárið 2026-2027:

Skólastjóri - VJ

Deildarstjóri/staðgengill skólastjóra í 1. - 5. bekk - HM

Deildarstjóri í 6. - 10. bekk - SB

Deildarstjóri stoðþjónustu í 1. - 5. bekk (75%) + tengiliður farsældar (25%) - HS

Deildarstjóri stoðþjónustu í 6. - 10. bekk (75%) + tengiliður farsældar (25%) - IHY

Verkefnastjóri mannauðs hjá Múlaþingi verður með fasta viðveru í hverri viku í skólanum næsta vetur.

6. Endurmenntunarsjóður grunnskóla

Egilsstaðaskóli hefur fengið styrk til tveggja verkefna; Annað ber heitið „Árangursríkar samræður stuðla að því að nemendur læri saman“ og hitt verkefnið er áframhald af vinnu yfirstandandi skólaárs, „Sterkir hópar“. Upphæðin sem skólinn fékk til þessara verkefna er samtals 860 þús.

7. Skóladagatal

Farið yfir nokkrar breytingar á skóladagatalinu frá því að við ræddum það síðast. Nokkrar umræður um að það henti ekki öllum að lengja frí inni á miðju skólaári, þar sem börn væru að fara úr sinni daglegu rútinu, en það er búið að setja inn starfsdag í upphafi haustfrís og í framhaldi af vetrarfríi. Rökin fyrir því að fara þessa leið er aftur á móti sú að með þessu móti fækkum við skertum skólavikum. Skóladagatalið var samþykkt.

8. **Önnur mál**

Unnið er að því að endurskoða skólareglurnar. Verða vonandi til umsagnar í skólaráði næsta haust.

Fundi slitið kl. 18:10.